

Fullveldið, háskólinn og framtíðin – gildi háskóla fyrir íslenskt samfélag.

Ráðstefna Háskóla Íslands í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands

Ávarp rektors við setningu ráðstefnunnar, haldið í Hátíðasal föstudaginn

7. september 2018 kl. 15

Forsætisráðherra, góðir gestir. Það er mér heiður og ánægja að bjóða ykkur velkomin til þessara ráðstefnu Háskóla Íslands, *Fullveldið, háskólinn og framtíðin – gildi háskóla fyrir íslenskt samfélag*, sem haldin er í tilefni aldarafmælis fullveldis Íslands.

Dear Prof. Brewer and Prof. Oliver. It is my honour and pleasure to welcome you to the University of Iceland to speak at this conference on sovereignty, the University and the future – the value of universities for Icelandic society. This conference is a part of the celebrations marking 100 years since Iceland became a sovereign state. In keeping with the spirit of the occasion, the conference will be primarily conducted in Icelandic and I will now continue in Icelandic.

Einhverjar tvær afdrifaríkustu ákvarðanir sem íslenskri þjóð hefur auðnast að taka er annars vegar sú sem leiddi til fullveldis Íslands árið 1918 og hins vegar sú sem leiddi til stofnunar Háskóla Íslands sjö árum fyrr árið 1911. Báðar þessar ákvarðanir bera vott um mikla framsýni, víðsýni, stórhug og kjark. Það er fjarri því sjálfgefið að lítil og fátæk bænda- og fiskimannapjóð krefjist sjálfstæðis og þess að fá að ráða málum sínum sjálf, og þaðan af síður er það sjálfgefið að hún stofni háskóla og setji sér það markmið að

skólinn skuli í áranna rás standast samanburð við æðstu menntastofnanir stórþjóða austan hafs og vestan. Tímaröð þessara ákvarðana er heldur engin tilviljun. Þeir sem börðust ákafast fyrir sjálfstæði Íslands sáu strax um miðja nítjándu öld að innlendur háskóli væri forsenda, ef ekki fyrir sjálfu fullveldinu, þá að minnsta kosti forsenda þess að hin fullvalda þjóð yrði farsæl og þyrfti aldrei að iðrast þess að hafa sótt fullveldi úr hendi Dana. Að sama skapi hefur það reynst farsælt fyrir Háskóla Íslands að vera hluti af fullvalda ríki og þjóna sjálfstæðri þjóð. Það er því ekki að ástæðulausu sem stúdentar við Háskóla Íslands hafa öðrum fremur haldið merki fullveldisdagsins á lofti með hátíðarhöldum 1. desember nær óslitið frá árinu 1922.

Forsendur fullveldis nútímaríkis eru fjölmargar eins og rætt verður á þessari ráðstefnu og öðrum viðburðum sem efnt er til á afmælisárinu. Fullvalda ríki fær ekki þrífist til langframa nema það hafi sína eigin embættismenn, heilbrigðisþjónustu, menntastofnanir, réttarkerfi, fjölbreytt atvinnulíf, traustar samgöngur innanlands og utan og öflugt velferðakerfi. Án blómlegrar menningar og ríkulegs andlegs lífs fær hið fullvalda ríki ekki heldur fullnægt kröfum þegna sinna um mannsæmandi líf. Á öllum þessum sviðum hefur framlag Háskóla Íslands skipt sköpum fyrir sjálfstæði Íslands.

Í upphafi var aðalmarkmið Háskólans að mennta embættismenn fyrir hið unga íslenska ríki, en aðstaða kennara til rannsókna var takmörkuð og námsframboð næsta fábreytt. En smám saman óx skólanum fiskur um hrygg og hann varð að alhliða, alþjóðlegum háskóla með fagmennsku,

akademískt frelsi og jafnrétti sem leiðarljós. Á rúmri öld hefur Háskóli Íslands menntað yfir sextíu þúsund Íslendinga á öllum fræðasviðum og námsstigum sem hafa byggt hér upp nútímalegt, lýðræðislegt velferðarríki. Þannig hefur Háskóli Íslands ekki bara svarað kalli frumherjanna um að fóstura rótgrónar evrópskar embættisstéttir á borð við lækna, lögfræðinga og presta heldur hefur skólinn ekki síður tekið þátt í að tæknivæða og umbylta hefðbundnum atvinnugreinum landsins ásamt því að móta fjölmargar nýjar atvinnugreinar sem enginn gat séð fyrir við stofnun Háskólans. Allt hefur þetta orðið til að styrkja innviði hins fullvalda íslenska ríkis og hleypa alþjóðlegum straumum og þekkingu inn í landið.

Á sama tíma hefur Háskóli Íslands staðið vörð um íslenska menningu, tungu og sögu. Segja má að Háskólinn hafi gert þjóðinni kleift að hugsa á íslensku um flestar greinar vísinda á öllum fræðasviðum. Kennslubækur og íðorðasöfn sem kennarar og nemendur skólans hafa samið eru fjölmörg, og á hverjum degi tekur starfsfólk skólans virkan þátt í að auðga orðaforða íslenskrar tungu. Skólinn hefur einnig þjónað lykilhlutverki í þróun íslenskrar máltækni og haft forystu um að kenna erlendum nemendum íslensku en slíkt er forsenda þess að þeir geti haslað sér völl hér á landi. Við Háskóla Íslands hafa einnig numið og kennt margir af mestu orðlistamönnum og skáldum þjóðarinnar bæði í nútíð og fortíð. Rannsóknir fræðimanna skólans á sviði sagnfræði, félagsfræði, stjórn málafræði, fornleifafræði og fjölmörgum skyldum greinum hafa skipt sköpun fyrir sjálfsþekkingu og sjálfsskilning þjóðarinnar sem aftur er grundvöllur þroskaðs sjálfstæðis hennar. Eitt af því sem sagnfræðingar

skólans hafa tekið til endurskoðunar eru einmitt hugmyndir okkar Íslendinga um tengslin við Dani en þær hugmyndir voru lengi vel litaðar af þjóðernisrómantík sjálfstæðisbaráttunnar. Fræðimenn af ólíkum sviðum skólans hafa líka dregið æ betur í ljós þátt alþýðufóks í að móta hér farsælt fullvalda samfélag. Þetta eru fá en glögg dæmi um hvernig sjálfstæður háskóli getur þjónað fullvalda ríki ef hann helgar sig sannleiksleitinni.

Þá hefur Háskóli Íslands komið að menntun nær allra íslenskra kennara á framhaldsskólastigi á Íslandi og nú hin síðari ár, eftir sameiningu skólans við Kennaraháskóla Íslands, einnig að menntun flestra kennara á grunn- og leikskólastigi. Á sama tíma hefur Háskóli Íslands tekið þátt í að móta nýjar fagstéttir fyrir skólakerfið og má þar t.d. nefna frístundaleiðbeinendur og skólasálfræðinga.

Tengsl Háskóla Íslands við íslenskt atvinnu- og þjóðlíf blasa við á öllum sviðum og verða æ sýnilegri með hverju árinu sem líður. Margt bendir til þess að vægi þessara tengsla Háskólans við atvinnulífið eigi eftir að styrkjast enn frekar á komandi árum Íslendingum til hagsbóta. Þetta þýðir ekki að Háskólinn verði eða eigi að vera þjónn eða verkfæri atvinnulífsins. Öðru nær. Líkt og fullvalda ríki þarf Háskólinn ævinlega að standa vörð um sjálfstæði sitt svo hann geti sinnt sannleiks- og þekkingarleitinni. En það sem blasir við okkur nú er að Háskóli Íslands er orðinn og mun eflast sem skóli atvinnulífs framtíðarinnar. Hugmyndir okkar um atvinnulífið og reyndar atvinnulífið sjálft breytast nefnilega stöðugt m.a. fyrir tilstilli háskólastarfsins. Hér skiptir höfuðmáli að Háskóli Íslands hefur á undanförunum áratug orðið að alþjóðlegum rannsóknarháskóla í fremstu

röð. Það hefur raunar verið stórkostlegt að sjá skólann komast inn á virta matslista yfir fremstu háskóla heims þar sem hann hefur fíkrað sig jafnt og þétt upp á við. Nú er svo komið að Háskóli Íslands er í hópi þeirra tveggja prósentu háskóla sem taldir eru fremstir í heiminum. Ánægjulegt er hversu ofarlega fræðasvið skólans raðast á alþjóðlegum matslistum og á sumum sviðum eru deildir eða einstakar fræðigreinar skólans komnar í hóp þeirra hundrað bestu í heimi á sínu sviði.

Ég geri hér árangur Háskólans að sérstöku umtalsefni af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi hefur Háskóli Íslands keppt við að komast í fremstu röð alþjóðlegra rannsóknaháskóla til að þess geta þjónað sem best íslensku samfélagi. Við rannsóknaháskóla er bæði sköpun og miðlun þekkingar markmiðið. Nemendur sem stunda nám við slíkan skóla skila nýjustu þekkingu út í samfélagið og atvinnulífið og efla framþróun þess. Þverfræðileikinn í alhliða háskóla er lykill að framþróun nýrra rannsókna þvert á einstakar greinar og viðfangsefni. Gagnkvæm tengsl við fjölmarga háskóla og vísindastofnanir erlendis bjóða upp á mikilvæg tækifæri sem nýtast íslensku samfélagi. Hnattræn tæknibylting síðustu áratuga hefði aldrei átt sér stað án mikillar fjárfestingar í háskólamenntun, rannsóknum og doktorsnámi. Þetta á ekki síður við ef horft er til framtíðar. Þekkingarsamfélög sem fjárfesta í sjálfbærni í víðasta skilningi munu uppskera aukinn hagvöxt og ný atvinnutækifæri.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á því hve gerbreyttar aðstæður okkar eru nú frá því sem þær voru fyrir hundrað árum. Í dag þurfum við ekki að láta okkur dreyma um að eignast háskóla sem stenst alþjóðlegan samanburð

eða að hafa áhyggjur af því hvort íslensk ungmenni fái tækifæri til að mennta sig og taka þátt í erlendu samstarfi um vísindi og nýsköpun. Íslenskir vísinda- og fræðimenn leggja ríkulega af mörkum á alþjóðlegum vettvangi og má t.d. nefna að þegar áhrifamáttur rannsókna þeirra er skoðaður í norrænu samhengi er íslenskt vísindafólk í fyrsta sæti. Metnaður okkar stendur til þess að Háskóli Íslands, um leið og hann þjónar íslensku samfélagi, taki af fullum þunga þátt í að mæta þeim brýnu áskorunum sem steðja að mannkyninu á 21. öld hvort heldur er á sviði tæknibreytinga, loftlags-, atvinnu- eða samfélagsmála. Skólinn er orðinn hluti af því „lýðveldi vísindanna“ sem Björn M. Olsen, fyrsti rektor Háskóla Íslands, gerði að umtalsefni í ræðu sem hann flutti í Alþingishúsinu við stofnun skólans 17. júní 1911.

Óhætt er að fullyrða að fáir ef nokkur annar háskóli hafi haft jafn víðtæk áhrif á það samfélag sem hann þjónar og Háskóli Íslands. Hann var lengst af eini háskólinn í landinu og enn er hann eini alhliða háskólinn á Íslandi, en fjölbreytileiki skólans er einmitt höfuðforsenda þess að hann hefur getað þjónað fullveldi Íslands í víðum skilningi eins og ég hef rakið hér á undan.

Góðir gestir. Á sama tíma og við fögnum hundrað ára afmæli fullveldis Íslands minnumst við tíu ára afmælis bankahrunsins sem varð hér haustið 2008. Margir efuðust um framtíð íslensks fullveldis í miðju bankahruginu og ekki af ástæðulausu. Þá hrikta í stoðum íslensk samfélags. Bankahrúnið og önnur áföll, stór sem smá, minna okkur á að hlutverk Háskóla Íslands í áframhaldandi sjálfstæðisbaráttu okkar Íslendinga er ekki bundið við

þekkingarleitina eina eða tækniþróun. Háskólinn hefur ekki síður ríkum skyldum að gegna við að styrkja siðferðilega dómgreind nemenda sinna og auka veg gagnrýnnar hugsunar hér á landi. Á sama tíma verðum við að standa vörð um heilindi í vísindum, tryggja að kappið beri aldrei fegurðina ofurliði á leikvangi vísinda og fræða. Takist það höfum við ríka ástæðu til að vera bjartsýn við upphaf annarar aldar íslensks fullveldis.

Takk fyrir.